

**Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**  
**Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur**

Ásgeir Björnsson  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. AB BP OAS SA
1 0. okt. 2011
11.25.2
Tilv. UST2010/200078

Reykjavík 1. október, 2011

*Varðandi: Umsókn Valgerðar Andrésdóttur og Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði á Keldum, dagsett 8. desember 2010 um afmarkaða notkun erfðabreyttrar örveru af flokki II – mæði-visnuveira.*


Eftirfarandi umsögn var samþykkt af öllum átta viðstöddum meðlimum ráðgjafanefndarinnar. Á fundi þann 19. september 2011 kom fram að eftirlitsaðili frá Umhverfisstofnun hafi tekið út öryggismál hjá stofnuninni. Tilraunastöðin á Keldum er mjög vel tækjum búin til rannsókna á veirum og yfir 60 ára árangursríka reynslu í rannsóknum á mæði-visnuveiru. Þá er starfslið stofnunarinnar, öryggismál og verkferlar á þann hátt að nefndarmenn töldu ekki ástæðu til að mæla með frekari ráðstöfunum til afmörkunar.

**Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera. Umsóknin er um leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttrar mæði-visnuveiru. Tilgangur starfseminnar er að rannsaka eðli og eiginleika mæði-visnuveirunnar. Unnið verður í frumuræktarhúddi í afmörkuðu rými. Allur úrgangur, frumuræktarflöskur, vökvi og allt plast (glös, oddar, osfrv.) sem hafa komið í snertingu við veirur er gufusvæfður. Umsækjandi hefur nú þegar gilt leyfi til rannsókna á óbreyttri mæði-visnuveiru.

Ráðgjafanefndin hefur kynnt sér umsóknina. Eftirlitsaðili UST hefur gert nefndinni grein fyrir aðstöðu, öryggismálum og verkferlum á Tilraunastöð HÍ á Keldum á fundi nefndarinnar þann 19. september sl. Þar kom fram að rannsóknaraðstaðan uppfyllir kröfur fyrir afmörkunarflokk 2, sem er fullnægjandi fyrir tilgreindar mæði-visnuveirurannsóknir. Sækja þarf um leyfi til MAST (yfirdýralæknir), þegar komið er að dýratilraunum. Ráðgjafanefndin hefur ekkert við umsóknina að athuga og leggur einróma til að leyfi verði veitt.

Virðingarfyllst

  
Ragnhildur Sigurðardóttir